

Myllubakkaskóli

*Kennsluáætlun
9. bekkur 2011 - 2012*



*Kennarar:
Unnur Guðmundsdóttir
Þorvarður Guðmundsson*

EFNISYFIRLIT

1. ÍSLENSKA	2
1.2 BÓKASAFN	3
1.3 FJÖLÞJÓÐADEILD	3
2. STÆRÐFRÆÐI	4
3. SAMFÉLAGSFRÆÐI	4
4. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐI	5
5. LÍFFRÆÐI	6
6. LÍFSLEIKNI	7
7. ENSKA	8
8. DANSKA	9
9. ÍPRÓTTIR	10
10. SUND	11
11. VALGREINAR	11
11.1 STÆRÐFRÆÐI.....	11
11.2 FATASAUMUR	12
11.3 LEIR OG GLER	12
11.4 HEIMILISFRÆÐI	13
11.5 TÖLVUFRÆÐI	13
11.6 MÁLUN.....	14
11.7 GRAFÍK.....	14
11.8 ÍPRÓTTAVAL.....	15
11.9 KVIKMYNDAVAL.....	15
11.10 HEIMANÁM.....	15
11.11 UNNIÐ MEÐ BÖRNUM.....	15
11.12 SKÓLAHREYSTI.....	16
11.13 TÓNLISTARSKÓLINN.....	16
11.14 ÍPRÓTTAÐKUN	16
11.15 BJÖRGUNARSVEIT.....	16

1. Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Kennarar: Alma Vestmann og Unnur Guðmundsdóttir

Markmið [Aðalnámskrár grunnskóla 2007](#) eru lögð til grundvallar kennslu í íslensku bls. 8-18:

„Markmiðum íslenskukennslu er skipt í fjóra flokka eins og áður segir, talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Innan þeirra eru mörg markmið sem skarast eða fléttast saman... Leitast skal við að vinna með alla þætti móturmálsins þannig að hver þáttur styðji annan og þeir myndi saman eina heild.“

Efnistöð og áhersluþættir:

Í vetur verður unnið eftir Vallaskólaleiðinni í íslensku. Kennt verður í lotum. Hver lota tekur þrjár vikur og lýkur með prófi. Prófdagar eru ákveðnir fyrirfram og eru skrifaðir á töflu í upphafi hvernar lotu og eru einnig settir inn á Mentor.

Allar lotur eru byggðar upp á svipaðan hátt en í hverri lotu má finna málfræði-, stafsetningar-, ritunar-, málfars- og bókmenntaverkefni. Auk þess er unnið með framsögn og tjáningu.

Í upphafi lotu fær nemandinn afhent öll gögn lotunnar ásamt vinnuáætlun og leslista. Vilji foreldri fylgjast með námi barnsins er gott að líta á verkefnaskrána.

Í þriðju og síðustu viku hvernar lotu eru verkefni sem tengjast framsögn og tjáningu.

Yfirferð á námsefni:

1. og 2. önn Skerpa 2, fyrstu fjórar loturnar
Kjörbók
Mályrkja II, handbók
Valdar smásögur (Áfram Óli o.fl.)
Laxdæla
Ljóðspeglar
Skáldsaga (t.d. Gauragangur/Birta)

3 og 4. önn Skerpa 2, seinni fimm loturnar
Mályrkja II, handbók
Kjalnesingasaga
Skáldsaga (Arnaldur Indriðason)
Ljóðspeglar
Kappar 1 (t.d. Grettissaga/Finnbogasaga ramma)

Náms- og kennslugögn:

Skerpa 2
Ljóðspeglar

Málfinnur
Skrifffinnur
Kjalnesingasaga
Laxdæla
Kjörbækur að eigin vali
Skáldsögur (Arnaldur Indriðason/aðrir höfundar)
Kappar 1 (Grettissaga, Finnbogasaga ramma)
Íslensk orðabók
Samheitaorðabók
Handbók um málfræði
Bækur um málshætti og orðtök
<http://skerpa.forlagid.is>

Heimanám:

Heimanám er misjafnt eftir nemendum, fer eftir vinnusemi í tímum. Þannig þarf nemandi sem stundar tímavinnu vel, ekki að bæta við miklu heimanámi.

Námsmat:

Í upphafi náms er fundin út viðmiðunartala, í samráði við nemanda, sem endurspeglar þá prófeinkunn sem nemandi ætti að geta náð.

Í lok hverrar lotu tekur nemandi próf og skilar öllum gögnum.. Ef allt gengur vel hefur nemandi lokið lotunni með þeim árangri sem til er ætlast. Ef ekki, rifjar hann efnið upp og endurtekur prófið.

Námsmat byggir á könnunum úr lotunum þar sem prófeinkunn og vinnubókarvinna gilda jafnt. Einnig verður lokapróf að vori sem gildir 30% af heildareinkunn.

1.2 Bókasafn – Upplýsinga- og tæknimennt

Bókasafns- og upplýsingafræðingur: Lilja Krístrún Steinarsdóttir

Tímafjöldi: Útlánstímar

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007

Frjáls lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum og hvers konar ritum og einnig lesefni á Netinu. Á skólasöfnum eiga nemendur að geta nálgast lesefni í samræmi við þroska og lestrarargetu hvers og eins. Lestrarþjálfun tengist einnig upplýsingaöflun, öðru námi og bókmenntum af ýmsu tagi.

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007, íslenska bls.9)

Undirþættir nír eru upplýsingalæsi og menningarlæsi.

Efnistöð og áherslupættir

- frjálst val á sögubókum

1.3 Fjölbjódadeild

Kennari: Stefanía María Júlíusdóttir.

Tímafjöldi á viku: Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn og miðast því tímafjöldinn við þarfir hvers nemanda.

Markmið: Aðalnámskrá grunnskóla 2007 er lögð til grundvallar kennslunni

(bls. 31 - 34). **Áfangamarkmið 1** Mál og menningarfærni. **Áfangamarkmið 2** Skólamál og námsfærni. Tal hlustun og skilningur. Lestur og ritun. Námsgreinar. Námsækni. Gagnrýnin hugsun.

Efnistöð og áhersluþættir: Miðast við þarfir hvers nemanda.

Náms- og kennslugögn: Stuðst er við kennslugögn sem gefin hafa verið út fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál og nemendur með sérþarfir s.s. Íslenska nýja málið mitt, Kæra dagbók, Lærum gott mál, Orð fyrir orð, Orðfylla, Orð verða setningar, Málfræðibókin mín, Skinna, Skræða, Skrudda, Hitt og þetta og ýmsar auðlesnar bækur. Einnig er stuðst við ýmis kennsluforrit s.s. Æfum íslensku, Sögur frá Íslandi og Stoðkennarinn. Auk þess fá nemendur aðstoð við heimanám.

Námsmat: Símat.

2. Stærðfræði

Kennari: Jóhann Kr. Steinarsson
Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar bls. 33-44.

Efnistöð og áhersluþættir: Lögð er rík áhersla á að nemendur sýni þær aðferðir sem þeir nota og vandi allan frágang. Kennari útskýrir ný atriði við töflu með virkri þáttöku nemenda og hvetur þá til að finna sjálfa aðferðir og reglur. Nemendur vinna verkefni í tímum einir eða í hóp. Reglulega fást nemendur við þrautir þar sem aðferðum þrautalausnar er beitt. Nemendur vinna verkefni í tölvum, leysa sjálfspróf heima eða í skóla og skila. Mikilvægt er að nemendur temji sér markviss vinnubrögð og skýra framsetningu lausna.

Náms- og kennslugögn: Almenn stærðfræði II, 8-tíu 3 og 4, 9+. Einnig er farið í tölvu og notast við síðuna rasmus.is

Heimanám: Kennari setur reglulega fyrir heimavinnu. Nemendur eru síðan hvattir til að fara yfir það heima sem tekið var fyrir í skólanum.

Námsmat: Skólaárinu er skipt í tvær annir og lýkur hverri önn með prófi. Auk þess er námsleg staða nemandans könnuð í lok hvers kafla, með sjálfsprófum og verkefnablöðum.

Kaflapróf 20%

Annapróf 50%

Sjálfspróf, vinna í tímum og heimavinna 30%

3. Samfélagsfræði

Kennari: Unnur Guðmundsdóttir og Þorvarður Guðmundsson
Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í sögu og landafræði. Undirþættir sögu eru: 1750 – 1900, Tuttugasta öldin bls. 18 – 19. Undirþættir landafræði eru: Kort og myndir, Svæði bls. 22

Efnistöð og áhersluþættir í sögu:

- hafa kynnt sér gang seinni heimsstyrjaldarinnar út frá völdu sjónarhorni, t.d. um hlutskipti einstakra landa, Gyðingaofsóknir eða andspyrnuhreyfingar
- þekkja nokkra þætti styrjaldaráranna á Íslandi, svo sem hernámið, stofnun

Lýðveldis og breytingar á menningu og gildismati

Efnistöð og áhersluþættir í landafræði:

- læra að þekkja og bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og geta rætt um hvaða þættir hafa áhrif á lífsskilyrði fólks og staðarval
- átta sig á að fólksfjöldi og atvinnustarfsemi hefur áhrif á náttúruauðlindirnar og umhverfið
- átta sig á ýmsum ferlum í náttúrunni og tengslum þeirra og lífs
- þekkja til undirstöðuatriða mannvistar og ólíkra lífshátta og kjara fólks, m.a. vegna ójafnrar dreifingar náttúruauðlinda og ólíkra þjóðfélagshátta
- skilja nauðsyn aðstoðar við þróunarlönd
- þekkja helstu orku- og náttúruauðlindir jarðar og hvernig þær eru nýttar
- þekkja hvað er efst á baugi í umhverfismálum og öðlast skilning á gildi umhverfisverndar heima og á heimsvísu
- átta sig á því hvað einkennir þróunarlönd t.d. með tilliti til atvinnuvega og tæknistigs þeirra, fæðingar- og dánartíðni, ungbarnadauða, læsis og fjölda lækna
- kynnist dæmum um alþjóðlegar aðgerðir til að bæta líf fólks í þróunarlöndum
- átta sig á hvernig daglegt líf og efnahagur fólks í þróunarlandi stýrist af náttúruöflunum í ríkari mæli en í iðnríki
- beri saman inn- og útflutningsvörur annars vegar í iðnríkjum og hins vegar í þróunarlöndum og átta sig á hvaða afleiðingar það hefur í för með sér ef verðmæti seldrar vöru og þjónustu er minna en þess sem keypt er
- læri að útskýra mismun á aldurs- og kynjaskiptingu fólksfjölda eftir borgum, svæðum, löndum og heimshlutum og gera grein fyrir hvaða áhrif munurinn
- hefur á þjónustu í samfélagi með hátt hlutfall aldraðra í samanburði við samfélag með hátt hlutfall ungs fólks

Náms- og kennslugögn:

Stríðsárin á Íslandi 1939-1945 Jenný Björk Olsen og Unnur Hrefna Jóhannsdóttir.
Landafræði handa unglungum 2. hefti Göran Anderson og Arvid Joelsen.
Efni af veraldarvefnum, bækur af safni o.fl.

Heimanám:

Lestur og verkefni úr bók.
Önnur verkefnavinna

Námsmat

Prófað er í janúar og maí
Próf 60%
Vinnubók 20%
Önnur verkefni 10%
Ástundun og hegðun 10%

4. Eðlis- og efnafræði

Kennari Ingólfur H. Matthíasson

Tímafjöldi: 1,5 kennslustundir á viku.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í eðlis- og efnafræði.

Efnistöð og áhersluþættir:

- þjálfist í notkun verkfæra sem notuð eru við tilraunir og þekki algengar mælieiningar í eðlis- og efnafræði
- geri tilraunir sem sýna tengsl ml og cm³, sem þau geta nýtt séð til að reikna eðlismassa óreglulegra hluta og sýnt að eðlismassi efna er mismunandi
- skilji muninn á frumefni, efnasambandi, hreinu efni og efnablöndu
- vita hvernig frumefni eru táknuð og hvað formúla efnis merkir
- skilja muninn á hamskiptum, leysingu og efnahvörfum
- skilja að frumeindir varðveitast þó að efni taki breytingum
- þekki gerð frumeinda og sameinda og vita úr hvaða öreindum frumeindin er gerð
- skilja hvernig frumeindir geta breyst í jónir
- skilja hugtakið efnajafna
- þjálfist í að skrifa einfaldar efnajöfnur
- skilja hvað stilling efnajafna felur í sér og geta stillt einfaldar efnajöfnur
- átta sig á uppbyggingu lotukerfisins og geta notað það til að spá fyrir um eiginleikafrumefna
- þekki efnasamsetningu lofthjúpsins og hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif
- skilja að heildarmassi efna, sem taka þátt í efnabreytingu, helst óbreyttur

Kennsluhættir

Nemendur þurfa að vinna heima, lesa og eða svara spurningum og verkefnum.

Tilraunir og verkefni eru unnin í skóla.

Skýrslugerð, ýmist einstaklings- eða hópskýrslur.

Nemendur eru hvattir til að glósa í tímum.

Náms- og kennslugögn

Efnisheimurinn eftir Hafþór Guðjónsson.

Ítarefni er: kennsluleiðbeiningar, verkefnamappa, tímaritið Lifandi vísindi, vísindavefurinn,

Alfræði unga fólksins, Íslenska alfræðiorðabókin og ýmis myndbönd.

Námsmat

Námsmat fer fram í lok hvorrar annar þ.e. vetrar- og vorönn

Námsmatið samanstendur af:

Próf	55%
Símat	20%
Verkefnavinna	15%
Ástundun	10%

5. Líffræði

Kennarar: Hildur María Magnúsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í líf- og jarðvísindum. Undirþættir eru: Frumur – Lífverur bls. 41 – 43.

Efnistöð og áhersluþættir:

- Þekkja að í öllum lífverum fer fram ákveðin starfsemi, s.s. hreyfing, næringarnám, úrgangslausun, vöxtur og æxlun.
- Geta skýrt mismunandi starfsemi frumna, s.s. bruna, flæði, osmósu, burð, ljóstillífun, frumskitingu, nýmyndun efna.
- Gera sér grein fyrir ýmsum sjúkdómum, afleiðingar og orsök.
- Þekkja starfsemi líkamans.
- Kynlíf og kærleikur
- Vímuefni

Náms- og kennslugögn:

Mannslíkaminn úr bókaflokknum Litróf Náttúrunnar
Ýmsir vefir og bæklingar

Bókalisti:

Mannslíkaminn, nemendabók.
Mannslíkaminn, kennarabók..
Mannslíkaminn, verkefnaþappa.

Myndbönd:

Stutt myndbönd af veraldarvefnum

Heimanám: Lestur á köflum, spurningum úr hverjum undirkafla er svarað svo og spurningum í lok hvers kafla.

Námsmat:

Skólaárinu er skipt í fjórar annir en námsmati er misjafnlega háttáð eftir önnum.
Kaflapróf – samtals 60%
Ástundun og hegðun - 10%
Vinnubók - 30%

6. Lífsleikni

Kennarar: Freydís Kneif Kolbeinsdóttir

Tímafjöld á viku: 1 kennslustund

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í lífsleikni. Lífsleikni skiptist í tvo þætti sá fyrri inniheldur: sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl. Sá seinni inniheldur: samfélag, umhverfi, náttúru og menningu.

Efnistöð og áhersluþættir:

- styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu
- læri að vega og meta hvort einhver samskipti og hegðun falli utan þess ramma sem lög og reglur setja
- læri að íhuga á gagnrýninn hátt langanir sínar, væntingar og sérstöðu til að öðlast aukna sjálfsþekkingu
- verði meðvitaður um rétt sinn til að halda draumum sínum og skoðunum fyrir sjálfan sig og rækta lífsgildi á eigin forsendum
- skynji félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund
- öðlist færni í ópersónulegum samskiptum

- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- viti hverjir eru helstu áróðursmiðlar nútímans
- geti greint frá hlutverki löggjafarvalds, dómvalds og framkvæmdavalds
- sé meðvitaður um gildi löggæslu til að halda uppi lögum og reglu
- þekki helstu stofnanir sem þjóna landsmönnum
- geti rætt um þætti sem kunna að stuðla að velferð þjóðarinnar og alls mannkyns
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum og efli með sér borgaravitund
- geti gert kostnaðarreikning um fastar greiðslur heimila
- sé meðvitaður um félagslega og siðferðilega ábyrgð sem neytandi

Náms- og kennslugögn:

Stuðst við ýmis gögn af veraldarvefnum. Kompás – handbók um mannréttindafræðslu.

Heimanám: Ekkert formlegt heimanám. Einstaka sinnum þurfa nemendur að viðá að sér efni frá t.d. fjölskyldu, blöðum, vinum og af veraldarvef.

Námsmat: Nemendur fá umsögn í lok annar. Einkunn fer eftir þátttöku og vinnubrögðum í tímum.

7. Enska

Tímafjöldi á viku: 5 kennslustundir

Kennari: Hildur Ellertsdóttir

Markmið [Aðalnámskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007](#) eru lögð til grundvallar kennslu í ensku bls. 14-27.

„Í 9. bekk eiga nemendur að geta skilið og talað um kunnugleg og ný málefni daglegs lífs og nánasta umhverfis. Mikilvægt er að nemendur lesi margs konar fræðslu- og afþreyingarefni til að auka orðaforða og máltilfinningu. Allir nemendur ættu að lesa nokkrar hraðlestrarbækur við hæfi. Einnig skiptir miklu að virkja í tali og ritun þann orðaforða sem kemur fyrir í námsefninu. Áriðandi er að það efni sem fengist er við hverju sinni höfði til nemenda og hvetji þá til að hugsa sjálfstætt og mynda sér skoðun. Nemendur fá innsýn í menningu og siði enskumælandi þjóða í gegnum fjölbreytilegt hlustunar- og lesefni.“ (bls 24).

Efnistöð og áhersluþættir:

Stefnt er að því að nemandi

- noti ensku til samskipta í stofunni í enskutímum
- fái einhver hlustunarverkefni í flestum tíma
- lestextar miðist sem mest við getu og áhugasvið
- fái sífellt þyngra hlustunarefni, lesefni og önnur viðfangsefni
- skrifi ýmis konar ritun, m.a. dagbók, greinargerðir um bækur, sögur og sendibréf
- vinni með einstök málfræðiatríði
- geri sér ljóst mikilvægi eigin vinnu til að framfarir verði í náminu

Náms- og kennslugögn:

Matrix (Pre-Intermediate)

Kathy Gude og Michael Duckworth

Matrix vinnubók

Rosemary Nixon

Matrix hlustunarefni

Go for it leshefti og vinnuhwfti frá Námsgagnastofnun

Frjálslestrarbækur: Portfolio leshefti og bækur af bókasafni

Annað efni: hlustunarefni, söngtextar, myndbönd, blaðagreinar og efni sótt á netið.

Heimanám:

Heimanám er misjafnt eftir nemendum, fer alltaf eitthvað eftir vinnusemi í tímum. Að hluta geta nemendur unnið heimavinnu fyrirfram ef hentar. Nemendur velja líka stundum hvaða áhersluþátt þeir vilja vinna með heima, t.d. ritun, orðaforða, vinnubók eða lestur.

Námsmat:

Námsmat verður í október, janúar, mars og maí. Í október og mars eru sagnaprófin og ástundun metin í verkefnabók.

Próf verða í janúar og maí. Prófeinkunn gildir 70%.

100 bls. frjáls lestur á ensku gefur 0,2 til upphækkunar einkunnar.

Kaflapróf og ritun 20%.

Ástundun og hegðun 10%.

8. Danska

Kennari: Þorvarður Guðmundsson

Tímalfjöldi á viku: 4 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í dönsku bls. 34 – 36.

Efnistöð og áhersluþættir

- vekja jákvætt hugarfar til máls og menningar í Danmörku
- áhersla er á munnlega færni og færni til að skilja lesinn texta,
- með virkri hlustun fá nemendur tækifæri til að upplifa dönsku sem lifandi tungumál
- nota dönsku til samskipta í stofunni í dönskutímum
- lestextar miðast við getu og áhugasvið nemenda, fjallað er m.a. um unglíngamenningu
- sérstakt markmið er að bæta orðaforðann
- föst orðasambönd og orðatiltæki daglegs lífs
- sagnir (tíðbeyging), lýsingarorð (stigbreyting), eintala og fleirtala, ákveðinn og óákveðinn greinir
- unnið með einfalda texta, skrifað persónulegt sendibréf eftir uppgefnu formi og skilað ritun um kjörbækur
- nota orðabækur og leita upplýsinga t.d. hjá fjölskyldu, á netinu og í alfræðibókum

Námsefni

Tænk lesbók og vinnubók B

Dejlige Danmark - lesbók og vinnubók (á vorönn)

Ung í 8. klasse

Kvikmynd ca. 1 á önn,

Mille - sjónvarpsþættir ásamt verkefnum

Vinnuhefti frá kennara og t.d. smásögur, skryturlur, frjálslestrarbækur, unglíngatímarit, vikublöð, dagblöð og efni á netinu sem höfðar til nemenda.

Heimavinna

Oft er einhver heimavinna

Námsmat

Próf í lok annar.

Próf 60%

Kjörbók, ritgerð og/eða önnur verkefni 30%

Ástundun og hegðun 10%

9. Íþróttir

Kennarar: Jóhann Kr. Steinarsson og Guðjón Árni Antoníusson.

Tímafjöldi á viku: 2 x 60 mínútur

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í íþróttum. Undirþættir eru: skynþroski – hreyfiþroski, líkamsþroski – fagurþroski, félagsþroski – tilfinningarþroski – siðgæðisþroski, vitsmunapróska bls. 51 - 52.

Efnistöð og áhersluþættir:

Þessi árgangur sækir íþróttakennslu 2 x 60 mín. í íþróttahúsið við Sunnubraut.

Einnig eru vetrarbraut og fótboltavallarsvæði notað undir íþróttakennsluna.

Kennslan hjá þessum árgangi er þannig byggð upp að í fyrsta tíma hvers mánaðar er farið í útihlaup, þar sem hver nemandi skokkar (gengur) á sínum hraða 2,5km.

Bókleg fræðsla er tengd hlaupunum og sérstök áhersla á teyguaefingar eftir hlaupin.

Reglulega eru frjálsir tímar þar sem nemendum er leyft að þjálfa sig sjálf. Aðrir tímar fara að mestu í íþróttagreinar, keppnir, þrekþjálfun, leiki, og æfingar fyrir próf.

Farið er í helstu íþróttagreinar, útihlaup, þrekæfingar, mælingar gerðar, barnaleiki.

Náms- og kennslugögn: Áhöld í áhaldageymslu.

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat:

Haut 20% útihlaup

30% mæting

20% virkni

10% píbb-próf

20% próf

Vor 20% útihlaup

30% mæting

20% virkni

10% píbb-próf

20% próf

10. Sund

Kennari: Haukur Ottesen

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í sundi. Undirþættir eru: Skynþroski – hreyfiþroski, líkamsþroski – fagurþroski, félagsþroski – tilfinningaþroski – siðgæðisþroski, vitsmunaprofski bls. 26 – 27.

Efnistöð og áhersluþættir:

9. sundstig - 9. bekkur

- A. 500 metra þolsund. Nemandi notar að lágmarki 3 sunaðferðir. Ekki skal synda hverja aðferð skemur en 75 metra.
- B. Sund í fötum : Stunga af bakka, 50 metra fatasund þar af 8-10 metra kafsund. Troða marvaða og afklæðast á sundi.
- C. 25 metra flugsund.
- D. Synt innan tímamarka. Nemandur velja tvær aðferðir af þremur.

-100 metra bringusund á tíma : Lágmark	drengir 2 :20.00 mín.
	stúlkur 2 :25.00 mín.
- 50 metra skriðsund á tíma : Lágmark	drengir 60.0 sek.
	stúlkur 62.0 sek.
- 25 metra baksund á tíma : Lágmark	drengir 32.0 sek.
	Stúlkur 34.0 sek.

Byrjað er á því að láta nemendur reyna við það sundstig er hæfir aldurshópi þeirra, þ.e. nemandur í 9.bekk reyna við 9.stig. Þeir nemandur er standast viðkomandi sundstig geta hafið æfingar fyrir næsta stig fyrir ofan. Reikna má með að einhverjir nemandur verði vel á undan þeirri meðalgetu er búast má við af þeirra aldursflokki. Einnig að einhverjir nemandur verði á eftir meðalgetu.

Náms- og kennslugögn:

- Kennarahandbók á stofni, byggt á Turnen und sport in der schule – schimmen.
- Sundstig sundpróf í grunnskóla frá Menntamálaráðuneytinu.

Tæki og tól: Sundfit, korkur, kútur, armkútur.

Námsmat: Mæting, virkni, hegðun og próf.

11. Valgreinar

11.1 Stærðfræði

Kennari: Jóhann Kr. Steinarsson

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar bls. 33-46.

Efnistöð og áhersluþættir: Lögð er rík áhersla á að nemandur sýni þær aðferðir sem þeir nota og vandi allan frágang. Kennari útskýrir ný atriði við töflu með virkri þáttöku nemenda og hvetur þá til að finna sjálfa aðferðir og reglur. Nemandur vinna verkefni í tímum einir eða í hóp. Reglulega fást nemandur við þrautir þar sem aðferðum þrautalausnar er beitt. Nemandur vinna verkefni í tölvum og leysa stöðupróf í skóla og skila. Mikilvægt er að nemandur temji sér markviss vinnubrögð og skýra framsetningu lausna.

Náms- og kennslugögn: Allt með tölu ásamt ýmsum stærðfræðivefsíðum og ljósritum.

Heimanám: Ekkert heimanám er í stærðfræðivali.

Námsmat:

Stöðupróf 40 %

Ástundun 40 %

Virkni og vinna í tímum 20 %

11.2 Fatasaumur

Kennari : Sara Bertha Þorsteinsdóttir

Tímafjöldi: Tveir tímar á viku.

Textílmennt er valgrein fyrir nemendur í 9. Bekk. Þar er boðið upp á framhald á fyrri textílnámi þar sem einkum er stefnt að vaxandi sjálfstæði nemandans.

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í textílmennt. (bls.63-64)

Efnistöð og áherslupættir:

Lögð er áhersla á að nemandinn læri að taka upp snið, leggja snið á efni, sníði og saumi flik.

Snið og efni eru valin í samráði við kennarann.

Stefnt er að því að nemendur saumi á sig eina flik og skreyti aðra.

Náms og kennslugögn:

Bækur, blöð, snið, efni, tæki og tól í eigu skólans.

Heimavinna:

Engin heimavinna

Námsmat:

Tekið verður tillit til þess hversu sjálfstætt nem. vinnur og hvernig hann nýtir sér áunna þekkingu. Og hvernig hann notar handbækur og tiltæk gögn. Vinna í tímum 30%, verkefni 30% og mæting 40%.

11.3 Leir og gler

Kennari: Svana A. Daðadóttir

Tímafjöldi: Tveir tímar á viku

Kennsla í leir og gler er valgrein fyrir nemendur í 9.- 10. bekk og er þar stefnt á að gera nemandan sjálfstæða í vinnubrögðum.

Markmiðið Aðalnámskrár grunnskóla er lögð til grundvallar kennslunni.

Markmið Að nemendur:

-þekki og kundi að nota þau verkfæri sem til þarf við vinnslu á leir og gleri

- læri að búa til nytjahlut

-geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs

-geti unnið sjálfstætt og haldið sér við verkefni

-hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu á vinnsluaðferðum við leir og glervinnslu

Grunnkennsla í meðhöndlun á leir, hrábrennslu, glerjun og frágangi.
Glerbræðsla, skurður, útbúun og brennsla.

Námsmat:

Vinnubrögð og færni 50%
Umhengni og frágangur 25%
Hegðun og ástundun 25%.

11.4 Heimilisfræði

Kennari: Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir og Maria Isabel Fisher

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir á viku.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í heimilisfræði. Undir þættir eru: Næring – hollusta, matreiðsla – vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði – umhverfisvernd bls: 25 – 26.

Efnistöð og áherslupættir:

Í þessum valáfanga er lögð áhersla á að æfa mismunandi matreiðslu og bakstursaðferðir.

Reynt er að hafa námsefnið sem fjölbreyttast og að byggja ofaná þann grunn sem nemendur hafa þegar fengið.

Leitast er við að flétta sem mest fræðilega þætti inn í verklegu tímuna svo sem kvilla og sjúkdóma sem tengjast mataræði, helstu dreifingarleiðir örvera, gæði og hollustu matarins, næringu og fleira.

Náms- og kennslugögn: Matreiðslubækur og ljósritað efni frá kennara.

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat: Mat tekur tillit til framkomu/umhengni í tímum og vinnusemi.

11.5 Tölvufræði

Kennari: Ingiber Óskarsson

Tímafjöldi á viku: Tvær kennslustundir

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í tölvufræði.

Farið dýpra í forritin í Office pakkanum (Word, Excel, Powerpoint).

- Tæki og tól í Photoshop kynnt
- Notast við Word með ritgerðarsmíði.
- Einfaldar reikniaðferðir kenndar á Excel.
- Uppsetning og hönnun á glærum í Powerpoint eða Keynote frá Apple

Námsmat: Ástundun, vinnubrögð og verkefni.

11.6 Málun

Kennari: Sigríður Á. Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í myndlist. Undirþættir eru: Lögmál og aðferðir, Sögulegt og félagslegt samhengi og fagurfræði og rýni, bls 14-15.

Efnistöð og áhersluþættir: Í valáfanganum Málun verður unnið með sem flestar tegundir lita og einhver íblöndunarefni prufuð. Málað verður með olíulitum, Acryllitum, vatnslitum og þeim litum sem til eru hverju sinni. Lögð verður áhersla á skissuvinnu þ.e. að nemandinn verði búin að teikna þá mynd sem hann ætlar að mála áður en hafist er handa. Aðeins verður farið í listasöguna, listamenn kynntir og unnin verk í anda þeirra. Litafræðin rifjuð upp og spáð í myndbyggingu. Mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og hugmyndavinnu og að prufa sig áfram. Lögð verður áhersla á góða umgengi um stofuna.

Náms og kennslugögn: Bækur í eigu skólans, kennarans og veraldarvefurinn.

Heimanám: Ekkert

Námsmat: Mat tekur tillit til framkomu/umgengni í tímum og vinnulags/færni.

11.7 Grafík

Kennari: Sigríður Á. Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í myndlist. Undirþættir eru: Lögmál og aðferðir, Sögulegt og félagslegt samhengi og fagurfræði og rýni, bls 14-15.

Efnistöð og áhersluþættir: Í valáfanganum Grafík verður unnið með dúkristu. Nemendur skissa upp viðfangsefnið og skera það síðan út í dúk. Unnið verður bæði með svarthvítar myndir og myndir unnar með fleiri litum þ.e. skorið, þrykkt, skorið meira og þrykkt með öðrum lit þannig að myndin verður unnin í lögum. Lögð verður áhersla á skissuvinnu þ.e. að nemandinn verði búin að teikna þá mynd sem hann ætlar að skera út áður en hafist er handa. Mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og hugmyndavinnu og að prufa sig áfram. Lögð verður áhersla á góða umgengi um stofuna.

Náms og kennslugögn: Áhöld sem notuð eru til dúkristu og bækur í eigu skólans/kennarans ásamt veraldarvefnum.

Heimanám: Ekkert

Námsmat: Mat tekur tillit til framkomu/umgengni í tímum og vinnulags/færni.

11.8 Íþróttaval

Kennari: Guðjón Árni Antoníusson.

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku.

Markmið Aðalnámskrá grunnskóla 2007 eru lögð til grundvallar kennslu í íþróttum. Undirþættir eru: skynþroski – hreyfiþroski, líkamsþroski – fagurþroski, félagsþroski – tilfinningarþroski – siðgæðisþroski, vitsmunaprofski

Efnistöð og áhersluþættir:

Farið verður í fjölbreytta hreyfingu þar sem aðalmálið verður að fá hreyfingu ásamt því að spreyta sig í keppni.

Náms- og kennslugögn: Áhöld í áhaldageymslu.

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat:

Mæting 50%

Virkni 50%

11.9 Kvikmyndaval

Kennari: Freydis Kneif Kolbeinsdóttir

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir aðra hverja viku.

Efnistöð og áhersluþættir:

Horft verður á ýmsar kvikmyndir frá mismunandi tímum. Umræður um söguþráð, myndatöku, búninga, tónlist, leikmynd og allt það sem tilheyrir gerð einnar kvikmyndar.

Náms- og kennslugögn: Verkefnablöð sem nemendur vinna í lok tíma

Heimanám: Ekkert heimanám.

Námsmat: Umsögn í lok annar

11.10 Heimanám

Kennari: Ingólfur H. Matthíasson

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Efnistöð og áhersluþættir:

Markmiðið er að nemandi fái aðstoð við heimavinnu í skóla. Nemendur geta komið með heimaverkefni sín og fengið aðstoð hjá kennara.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum fyrri-hluti annar = 50%

Ástundun og virkni í tímum seinni-hluti annar = 50%

11.11 Unnið með börnum

Kennari: Óákveðið

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Efnistöð og áhersluþættir:

Markmiðið er að nemendur kynnist starfi í grunnskóla og leikskóla. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni og á leikskólum.

Námsmat: Ástundun og virkni verða metin til einkunnar.

11.12 Skólahreysti

Kennari: Guðjón Árni Antoníusson

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Efnistöð og áherslupættir:

Markmiðið er að nemendur:

- auki styrk sinn og þol
- læri að setja sér markmið og skipuleggji eigin þjálfun
- styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun
- geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni
- þjálfist í að taka þátt í samvinnuverkefnum sem snúa m.a. að því að undirbúa íþróttamót

Tímarnir eru að mestu leyti verklegir og nemendur stunda alhliða líkamspjálfun bæði inni og úti. Sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast Skólahreysti. Í lok áfangans verður undankeppni fyrir Skólahreysti og hafa þá allir nemendur skólans jafnan rétt til þátttöku hvort sem þeir velja þennan áfanga eða ekki.

Námsmat: Námsmat byggir á áhuga og virkni, framförum og árangri.

11.13 Valgrein í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Tónlistarnám:

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

11.14 Valgrein allan veturinn í íþróttaiðkun

Nemendur sem stundað hafa sömu íþróttina í a.m.k. tvö ár hjá íþróttafélagi sem hlotið hefur viðurkenningu ÍSÍ geta fengið það metið sem eina valgrein, þ.e. tvær kennslustundir.

11.15 Björgunarsveit

Nemendur sem starfa í unglingsdeild björgunarsveitarinnar geta fengið þjálfun sína þar metna sem hluta af vali í skólanum. Markmið eru að nemendur kynnist starfi björgunarsveita, efla skilning á mikilvægi björgunarmála og efla félagsþroska sinn. Nemendur mæta á fimmtudögum kl. 20:00 – 21:30.

Námsmat: Námsmat byggist á vinnu og virkni nemanda.